



Ljósmynd/Alex Klun

Á Tröllaskaga Af Múlakollu milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar yfir Eyjafjörð og Hrísey að Látraströnd eða Huldulandi, skagans á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda.

Alpafólk skíðar á Tröllaskaga

Hátt í 150 erlendir fjallaskíðamenn eru væntanlegir að Klængshóli í Skíðadal í vor. Gengið er hagstætt fyrir útlendinga en íslenski markaðurinn er kaldur. Aukinn áhugi á þyrluskiðamennsku að sögn Jökuls Bergmann.



Eftir Ágúst Inga Jónsson
ajj@mbl.is

YFIR 100 erlendir ferðamenn, flestir frá alpalöndum Evrópu, hyggjast í vor stunda skíðamennsku á Tröllaskaga milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Bæði verður um venjulega fjallaskíðamennsku að ræða og þyrluskiðamennsku sem hefur átt vaxandi vinsældum að fagna síðustu ár.

Markmiðið að búa til gjaldeyri

Jökull Bergmann fjallaleiðsögumaður stendur fyrir þessum ferðum og hefur komið upp aðstöðu á Klængshóli í Skíðadal. Veiking krónunnar hefur gert þessar ferðir að spennandi kosti fyrir útlendinga. Íslenski markaðurinn er hins vegar

„kaldur um þessar mundir vegna kreppunnar,“ eins og Jökull orðar það.

„Það þýðir ekkert annað en að mæta kreppunni og markmiðið er að búa til gjaldeyri,“ segir Jökull. Hann hefur undanfarin ár bæði starfað heima og erlendis og hefur á síðustu tíu árum aflað sér alþjóðlegra réttinda sem fjallaleiðsögumaður.

Fyrstu fimm árin nýtti hann til að afla sér reynslu með því að ferðast og vera á skíðum víða um heim og stunda fjallamennsku. Síðan tók við annar eins tími í ströngu programmi með prófum og þjálfun. Jökull hefur nú, fyrstur Íslendinga, lokið UIAGM-IFMGA-gráðu í fjallaleiðsögn en yfir 80% brottfall er í því námi.

„Nú er ég kominn með aðsetur á Íslandi aftur og er að auka umsvifin,“ segir Jökull, sem hefur opnað heimasíðuna bergmenn.com. „Því er ekki að neita að íslenski markaðurinn er frekar kaldur um þessar mundir. Hins vegar er aukinn áhugi meðal útlendinga á ferðum sem eru verðlagð-

Jökull ber nafn með rentu

JÖKULL Bergmann ber sannarlega nafn með rentu, en hann hefur helgað sig fjallamennsku og skíðaferðum og dvelur stóran hluta ársins á fjöllum uppi.

„Ég er frá Klængshóli í Skíðadal og móðir mín, sem er mikið náttúrubarn, fannst þetta nafn tilvalið á strákinn. Fjallamennsku varð snemma í miklu uppáhaldi hjá mér og síðan fjallaleiðsögn.

Eftir á að hyggja er nafnið eithvert besta auglýsingatrix sem um getur og ég fékk upp í hendurnar. Í útlöndum þar sem ég vinn mikið tekur talsverðan tíma að útskýra hvað ég heiti og hvað nafnið þýðir. Fólk finnst mikið til þess koma að ég skuli heita Glacier Mountainman.“



Ljósmynd/Pihl Marchand

Ævintýri Þyrluskiðun er seld í fjögurra eða átta manna hópum.

ar í krónum og bókanir ganga ágætlega. Ég áætla að í vor komi allt að 150 erlendir ferðamenn til að stunda fjallaskíðaferðir á Tröllaskaga. Flest kemur þetta fólk frá Fraklandi, Ítalíu, Sviss og Austurríki en einnig Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum að Kanadamönnum ógleymdum, sem eru miklir áhugamenn um

fjallaskíðaferðir. Við höfum burði til að þrefalda þennan fjölda. Það sem helst gæti hamlað er skortur á faglarðum leiðsögumönnum, en þetta er sérhæfð þjónusta sem krefst mikils öryggis. Ég hef flutt inn leiðsögumenn frá Ölpunum og Kanada og það kostar sitt,“ segir Jökull.

Vertíðin á Tröllaskaga stendur frá

lokum marzmánaðar og fram í endaðan maí. Gert er út frá Klængshóli í Skíðadal og þar verða nánast samfleytt erlendir hópar við fjallaskíðamennsku í þessa tvo mánuði. Þá er gengið upp á fjallstoppa og síðan skíðað niður. Síðastliðið vor var gerð tilraun með þyrluskiðamennsku og reiknar Jökull með aukningu í þyrluskiðamennskunni í vor.

Tæpar 200 þúsund krónur

Venjuleg vikuférfið við fjallaskíðamennsku á Tröllaskaga kostar tæpar 200 þúsund krónur íslenskar fyrir útlending. Er þá miðað við að hann komi sér til og frá Akureyri. Verðið er heldur lægra fyrir Íslendinga, sem þá kæmu sér að Klængshóli.


Ferðir í þyrluskiðamennsku eru seldar fjögurra eða átta manna hópum og kostar fjögurra daga ferð í minni hópnum 6.500 dollara, en 4.500 dollara á mann í stærri hópnum. Munurinn stafar fyrst og fremst af betri nýtingu á þyrlunni. Ef ekki viðrar til flugs á fjallið er boðið upp á skoðunarferð á Mývatn eða sjóstangaveiði svo dæmi séu tekin. Slík aukaafþreying hefur ekki verið í boði fyrir Íslendinga og er verðið því nokkru lægra.

www.bergmenn.com

Bera sig á netinu

BANDARÍSK könnun sýnir að einn af hverjum fimm unglingum þar í landi notar farsíma, vefmyndavélar eða aðra samskiptatækni til að dreifa ljósmyndum af sér fáklæddum til annarra (www.thenationalcampaign.org). Í frétt á heilsvæf New York Times er haft eftir John Grohol sálfræðingi að skýringuna á þessu háa hlutfalli megi finna í ákveðnum kenningum um að fólk geri og segi margt á netinu sem það myndi ekki gera augliti til auglitis við fólk. Hann segir unglinga sjálfa halda því fram að þeir verði framhleypanari og ágangari með tæknina að vopni. „Það óhugnanlega er að flestir svarendur könnunarinnar voru sammála því að þessi hegðun á netinu gæti haft mjög neikvæðar afleiðingar, en létu slíkt sem vind um eyru þjóta. Jafnvel þó að unglingarnir geri sér grein fyrir að auðveldlega er hægt að vista og dreifa myndunum víða stoppar það þá ekki.“

Á vefsíðunni PsychCentral.com má finna



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Myndavél Auðvelt er að senda ljósmyndir á milli síma - en af hverju nektarmyndir?

áþendingar til foreldra og unglinga sem vert er að skoða áður en ýtt er á „send“ og mynd sem gæti skotið upp kollinum í atvinnuviðtali mörgum árum seinna, látin ferðast milli tölva um allan heim.

VÍSNAHORN pebl@mbl.is

Af ESB og ævisögu

Ármann Þorgrímsson segir farsæla ævisögu sína í fáum línunum:

Eins og hinir ungur var ég af öðrum mönnum, fannst mér, bar ég undarlegt þó alltaf var hve illa gekk við stelpurnar. Seinna góðan sigur vann ég sveitakonu trausta fann ég síðan höfum sofið við í sama rúmi hlið við hlið.

Kristján B. Jónasson vekur athygli á efni í nýjasta Sóni, en þar eru frumbirtingar á kvæðum Ólínu Jónasdóttur (1885-1956) sem Helga Kress sér um. Þar á meðal þetta:

Mér finnst allt svo ómurlagt og einskis virði, dagar langir, döpur byrði, dvelji ég ekki í Skagafirði.

Mikil umræða er um ESB þessa dagana, ekki síst á milli ráðherra í ríkisstjórninni. Magnús Ólafsson frá Sveinssstöðum orti:

Atkvæðin verða varla mörg veslast fylgi og deyr. Með EB tali Ingibjörg er að drepa Geir.

Hörður Björgvinsson fékk vísu í jólagjöf frá ellefu ára sonarsyni sínum og rúmlega alnafna, Herði Fannari Björgvinssyni, og á merkispjaldinu stóð:

Nú bráðum jólin birtast í bjartri drottins dýrð, um hátíð englar hittast í helgri næturkyrrð.